

Fundargerð

97. stjórnarfundur FHA haldinn 16. maí 2017 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir formaður, Þorlákur Axel Jónsson ritari, Guðmundur Kristján Óskarsson gjaldkeri, Auðbjörg Björnsdóttir og Þorbjörg Jónsdóttir. Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð 96. stjórnarfundar 6. apr. 2017 lögð fram og samþykkt án athugasemda.
2. Úthlutun úr SFHA - starfsþróunarsjóði
Allar þrjár gildar umsóknir í sjóðinn voru samþykktar. Ein umsókn uppfyllti ekki skilyrði.
3. Aðalfundur FHA mið. 17. maí kl. 16:00
Boðað hefur verið til fundarins með dagskrá samkvæmt lögum félagsins.
Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.
Kjóra þarf formann og tvo stjórnarmenn og einn varamann í stjórn. Hjördís Sigursteinsdóttir gefur áfram kost á sér sem formaður FHA. Guðmundur Kristján Óskarsson og Auðbjörg Björnsdóttir gefa kost á sér sem stjórnarmenn. Þorbjörg Jónsdóttir verður í rannsóknarleyfi á næsta starfsári en gefur kost á sér sem varamaður í stjórn. Finna þarf einn varamann til viðbótar.

Í skýrslu stjórnar verður meðal annars komið inn á lífeyrisréttindamál, starfsþróunarsjóðinn, stjórnunarskyldu, kjarasamninga og starf samstarfsnefndar.

Rætt var hvort álykta beri um að skólinn ráði starfsmannastjóra til starfa.
4. Grill að loknum aðalfundi kl. 17:00
Stjórn mun grilla fyrir félagsmenn nema því aðeins að ákveðið verði að fella viðburðinn niður vegna veðurs.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:05

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari